

Hafnarfjarðarbær  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfjörður

Reykjavík 10. janúar 2019  
UST201812-190/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Lýsing - Deiliskipulag - Krýsuvíkurberg í Krýsuvík Hafnarfirði**

Vísað er til erindis Hafnarfjarðarbæjar er barst 28. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á deiliskipulagi við Krýsuvíkurberg í Hafnarfirði sem er innan Reykjanesfólkvangs.

Í greinargerð lýsingar kemur fram að deiliskipulagstillagan mun gera grein fyrir göngustígum, áningarástöðum, bílastæðum, almenningssalernum og upplýsingaskiltum á um 114 ha svæði við Krýsuvíkurberg í Krýsuvík. Einnig kemur fram í lýsingu að megin markmið tillögunnar eru m.a. að marka stefnu um uppbyggingu og vernd svæðisins, auka öryggi og draga úr neikvæðum áhrifum á umhverfi vegna ágangs ferðamanna.

#### **Forsendur og ferðamenn**

Í greinargerð kemur fram að fjöldi ferðamanna hefur aukist á svæðinu undanfarin ár og því mikilvægt að bygga upp innviði og þjónustu. Í greinargerð kemur fram markmið skipulagsins er að styrkja og auka þolmörk svæðisins og aðstöðu svo það geti betur tekið á móti þeim fjölda sem sækir og mun sækja svæðið í framtíðinni.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í forsendum tillögunnar hver sé áætlaður fjöldi ferðamanna sem mun heimsækja svæðið sem hér er til umfjöllunar. Með þeim forsendum væri hægt að rökstyðja umfang tillögunar, bílastæða, salerna, áningastaða og göngustíga.

#### **Innkeyrslur, vegir og lagnir**

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fjölda innkeyrsla inn á skipulagssvæðið og umfangi vega innan svæðisins verði haldið í lágmarki og farið verði eftir veghönnunarreglum Vegagerðarinnar.

Umhverfisstofnun bendir að nýta mætti núverandi slóða sem aðkomuveg inn á skipulagssvæðið til að forðast rask á gróðri og umhverfi.

Einnig er það mat Umhverfisstofnunar að mikilvægt sé að allar lagnir, ef við á, liggi meðfram vegum til að forðast frekara rask.

Til að draga úr neikvæðum áhrifum á gróður ætti þegar við á, að leggja gróðurtorfur til hliðar og koma þeim fyrir á yfirborði í lok frágangs.

### **Tillaga að framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár**

Umhverfisstofnun vill benda á að Krýsuvíkurberg er á tillögu að framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár þar sem Krýsuvíkurberg er alþjóðlega mikilvæg sjófuglabyggð þar sem fjöldi ritu, langvíu og álku nær alþjóðlegum verndarviðmiðum.

Náttúrufræðistofnun Íslands setur fram tillögur að svæðum á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár út frá verndun vistgerða, fugla og jarðminja. B-hluti er framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár þ.e. skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingum eða friðun á næstu fimm árum.

Umhverfisstofnun bendir á að upplýsingar um ofangreint svæði er að finna á heimasíðu Náttúrufræðistofnunar Íslands og á kortasjánni <https://naturuminjaskra.ni.is/>.

Það er mat stofnunarinnar að mikilvægt er að hafa þær upplýsingar fyrir ofangreint svæði til hliðsjónar þegar skipulagsáætlunin er unnin, þegar áhrif á helstu umhverfispætti eru skoðaðir og til að tryggja að verndargildi fólkvangsins rýrni ekki.

### **Fuglalíf**

Meðal sjófugla sem verpa í og við Krýsuvíkurberg er lundi, langvía, rita og álka. Umhverfisstofnun vill benda á að lundi er skráður á Válista Náttúrufræðistofnunar Íslands (2018), en þar er hann flokkaður sem tegund í bráðri hættu. Umhverfisstofnun telur mjög mikilvægt að fuglaskoðunarstaðir og áningastaðir séu hannaðir með þeim hætti að þeir hafi sem minnst áhrif á búsvæði fuglsins og truflun sé haldið í algjöru lágmarki.

Einnig vill benda á að langvía og rita eru flokkaðar sem tegundir í nokkurri hættu og álka er flokkuð sem tegund í yfirvofandi hættu.

Umhverfisstofnun telur einnig mikilvægt að tryggja eigi m.t.t. til fuglalífs að allar framkvæmdir verði utan varptíma.

### **Fráveita**

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitu og skólp nr. 798/1999 og að mikilvægt er að sveitarfélagið geri grein fyrir magni og ástandi viðtaka í skipulagsáætluninni.

Það er mat Umhverfisstofnunar að það sé mikilvægt að það komi fram í tillögunni hvernig fráveitumál verða leyst, þar sem að jarðvegur á svæðinu er rýr.

## Gönguleiðir og slóðar

Fjölmargir slóðar og gönguleiðir eru nú þegar á svæðinu og þar af leiðandi er svæðið raskað. Eins og bent var á að ofan þá er markmið skipulagsins að styrkja og auka þolmörk svæðisins svo það geti betur tekið á móti þeim fjölda sem mun sækja svæðið í framtíðinni.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í tillögunni hvaða göngustígakerfi verði fyrir valinu, staðsetning þess sýnd á uppdrætti og einnig fjallað um hvað verður gert við þá göngustíga og slóða sem verða aflagðir.

Virðingarfyllst



Axel Benediktsson  
Sérfræðingur



Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur